

Nð. 51. Frumvarp til laga

um matsveina- og veitingaþjónaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

1. gr.

Stofna skal og halda í Reykjavík skóla, er nefnist Matsveina og veitingaþjónaskólinn.

2. gr.

Skólinn skal veita hagnýta fræðslu þeim, sem gerast vilja matsveinar eða veitingaþjónar á skipum og gisti- og veitingahúsum.

3. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða kvilla, sem geti orðið öðrum nemendum skaðvænn eða hættulegur;
3. að hann hafi óflekkað mannorð;
4. að hann hafi lokið miðskólaprófi samkvæmt lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu.

4. gr.

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu vera þessar: Íslenzka, danska, enska, franska, matreiðsla, framreiðslustörf, efnafræði, sérstaklega næringarefnafræði, vöruþekking, reikningur, bókfærsla, búreikningar og innkaup.

5. gr.

Kennslunni skal hagað þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar og framreiðslumenn á fiski-skipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið. Námsstími fyrir fullgilda matsveina og veitingaþjóna skal vera 3 ár, en heimilt er nemendum að verja nokkrum hluta námstímans í náun hjá meisturum í iðninni á veitingahúsi eða farþegaskipi, og skal kveða nánar á um það í reglugerð.

Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrifalega og hátt-
prúða umgengni og snyrtimennsku.

6. gr.

Skólanum skal stjórnað af skólaráði, sem skipað sé fimm mönnum, er sam-
göngumálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn. Einn skólaráðsmaður skal skipaður
samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn samkvæmt
tilnefningu Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu
sambands veitinga- og gistihússeigenda og tveir án tilnefningar, og sé annar þeirra
formaður.

Ráðuneytið ræður skólastjóra, sem jafnframt er bryti skólans, og aðra kenn-
ara, að fengnum tillögum skólaráðs.

7. gr.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma,
námsfni, kennaralið og réttindi þau, er skólinn veitir, o. fl.

8. gr.

Fyrstu fimm árin eftir að skólinn tekur til starfa, er skólaráði heimilt að veita
undanþágu frá því inntökuskilyrði, er felst í 4. lið 3. gr. þessara laga.

9. gr.

Allur kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði, en heimilt skal þó
skólaráði með samþykki ráðuneytisins að krefja nemendur um skólagjald, sem
þá skal ákveðið í byrjun hvers skólaárs.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þegar hafin var bygging sjómannaskólans var svo ráð fyrir gert, að þar yrði,
svo fljótt sem unnt væri, komið upp skóla fyrir matsveina og veitingaþjóna, til
starfa á íslenskum skipum, bæði fiskflutninga- og farþegaskipum. Nú má vænta
þess, að þetta húsnæði verði fullbúið á árinu 1947, og á þá skólinn að geta tekið
til starfa.

Um þörf fyrir þennan skóla þarf ekki að fjölyrða. Það er alkunnugt, að
kennslu á þessu sviði hefur skort mjög á undanförunum árum, og enn verður þörfin
brýnni með aukningu skipastólsins nú.

Þá hafa ráðuneytinu einnig borizt um það tilmæli frá sambandi veitinga- og
gistihúseigenda, að séð yrði fyrir kennslu alls starfsfólks sem nauðsynlegt er al-
mennri gistihúsa- og veitingastarfsemi í landinu, og er ætlað til, að hægt sé einnig
að verða við þeirri ósk með þessum skóla.

Tillögur um fyrirkomulag hafa borizt bæði frá Farmanna- og fiskimannasam-
bandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna o. fl., og hefur verið leitast við að
hafa, við samningu frumvarpsins, hliðsjón af þessum tillögum.